

**Fundargerð 130. fundar
fræðslunefndar Flóahrepps**

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 19. október 2021

Fundartími: Krakkaborg: 16.30 - 17.15

Flóaskóli: 17.15 - 18.15

Fræðslunefnd: 18.15 - 18.45

Fundarmenn: Mareike Schacht, formaður

Bjarni Stefánsson, varaformaður

Axel Páll Einarsson, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Sigurður Þór Emilsson, fulltrúi foreldra úr Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Krakkaborg:

1. Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt. Leikskólastjórinn fer yfir helstu fréttir af leikskólastarfinu. Það vantar starfsfólk eftir áramót, en er búið að auglýsa eftir því. Umræða var á foreldrafélagsfundum um leikskólagjöld. Annars eru allir í góðum gír, góður starfsandi og allt gengur vél. Leikskólinn ætlar aftur að sækja um Grænfána í vetur og ætlar að taka fyrir lyðheilsu og neyslu núna.
2. Leikskólalóð – niðurstöður úttektar. Farið yfir skyrsluna. Húsvörðurinn er kominn af stað að laga það sem þarf.
3. Fjárhagsáætlun – umræða. Fjárhagsáætlun er í vinnslu.
4. Önnur mál. Leikskólastjórinn segir frá því að upp kom hugmynd um að ráða nemendur úr FSU í hlutastarfi ef ekki fæst starfsfólk. Þetta var gert í fyrra og reyndist vél.

Flóaskóli:

5. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Skólastjórinn segir frá skólastarfinu. Í fáum orðum sagt gengur allt vel. Bekkjarsáttmálinn eru komin í öllum bekkjum. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands kom og spilaði fyrir nemendur og var þetta vel heppnuð heimsókn. Norræna skólahlaupið og bleikur dagur voru í október. 8.-10. bekk fór í vísindasmíðju Háskólags til að kynnast umhverfi þar. 5. bekkur fór í heimsókn í Alviðru. Nemendakönnun Skólapúlsins verður lögð fyrir nemendur núna í október. Fyrirlestur um svefn var fyrir nemendur og starfsmenn og svo fyrir foreldra í kvöld á vegum foreldrafélagsins. Undirbúningur er hafinn hjá elsta stig að setja upp leikrit í nóvember. Textilkennarinn sagði upp störfum en búið er að ráða í stöðuna.
6. Skólalóð – niðurstöður úttektar. Farið yfir skýrsluna. Skólastjórinn ætlar að setjast niður við húsverðir til að fara yfir það sem þarf að laga og hvernig er best að framkvæma það.
7. Skólaakstur – skipulag og verklag. Akstursleiðir ganga vel upp en sum staðar eru langar leiðir. Rætt um reglur um skólaakstur, sem verða væntanlega lagðar fram til samþykktar á næsta fundi. Rætt um langar akstursleiðir sem eru á mörkunum, sérstaklega fyrir yngri börnin, og hvað er hægt að gera. Fræðslunefndin leggur til að næsta vor verði skólaakstur endurskoðaður og skipulagt með tillit til tímans sem börnin sitja í skólabílum. Tillit þarf að taka til þessa liðs í fjárhagsáætlunina.
8. Móttökuáætlun. Lagt fram til samþykktar. Fræðslunefndin samþykkir móttökuáætlunina.
9. Fjárhagsáætlun – umræða. Skólastjórinn fer yfir helstu atriði.
10. Önnur mál.

Fræðslunefnd:

11. Umræða um eríndisbréf. Umræða um eridisbréf frestað fram á næsta fund.